



Fundargerð

Fundur í stjórn Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Barmahlíðar.
Fimmtudaginn 8. mars 2018, kl. 15.30

Fundarstaður: Fundarsalur í stjórnsýsluhúsinu Maríutröð 5a.

Mætt eru; Karl Kristjánsson varaformaður, Sandra Rún Björnsdóttir. Áslaug Berta Guttormsdóttir kom inn á fundinn kl. 16.

Einnig sátu fundinn Helga Garðarsdóttir hjúkrunarforstjóri og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð stjórnar Barmahlíðar 5. febrúar 2017.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Skýrsla hjúkrunarforstjóra.

Hjúkrunarforstjóri fór yfir málefni Barmahlíðar. Dúkari er væntalegur í Barmahlíð í vikunni til að ganga frá lagningu dúks á gólf í tveimur nýjum baðherbergjum og einu vistherbergi. Teikningar á stækkun Barmahlíðar eru að fara á fullt. Rætt var um mönnun hjúkrunarfræðinga á hjúkrunarheimilum, hvernig staðan er með tilliti til launahækkana hjá Landspítalanum.

Önnur má (ef einhver)l: Löglega upp borin.

3. Námsferð starfsfólks, umsókn um styrk.

Stjórnin samþykkir að styrkja ferðina sem nemur 200 þús. kr. til að jafna aðstæður starfsfólks til ferðarinnar. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 16:15
